

10. bekkjarnámskrá

Skólanámskrá Lækjarskóla



Skólaárið 2016- 2017



Skólanámskrá Lækjarskóla.

Útgefin 2014.

Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla.

© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Útgáfustaður: Hafnarfjörður.

Ábyrgð: Haraldur Haraldsson (skólastjóri Lækjarskóla)

Útgefandi: Lækjarskóli (Hafnarfjarðarbær)
Sólvangsvegi 4
220 Hafnarfjörður

netfang: skoli@laekjarskoli.is

veffang: <http://www.laekjarskoli.is>

FORMÁLI

Skólanámskrá hvers grunnskóla er gefin út í samræmi við lög um grunnskóla, nú frá árinu 2008 og ákvæði í aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta frá árinu 2011 og greinahluta frá árinu 2013. Sú skólanámskrá sem hér birtist er að auki samhæfð fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar. Í því felst að skólanámskráin hefur sömu uppbyggingu í öllum grunnskólum hvað efnisyfirlit (röðun), form (umbrot) og snið (efnisþættir) varðar en inntakið sjálf er ákvörðun hvers skóla – í samræmi við aðalnámskrá. Tilgangur þessa er bæði að auka fagmennsku í útgáfu skólanámskrár og að auðvelda yfirsýn skólanámskráa einstakra skóla innan Hafnarfjarðar, t.d. að koma í veg fyrir að efni vanti í þær og auðveldara sé að bera þær saman. Þrátt fyrir sameiginlegt form og efnisyfirlit er meginatriði skólanámskrárinnar sérstaða skólans sem kynnir þar áherslur sínar um nám og kennslu nemenda í samræmi við þá ábyrgð sem hann hefur samkvæmt lögum og reglugerðum.

Þótt skólanámskrá hvers skóla eigi að birta „sérstöðu“ hans er slíkt þó ekki einhlýtt. Þar sem aðalnámskrá grunnskóla birtir sameiginlega sýn um skólastarf á Íslandi þarf skólanámskrá hvers skóla einnig að endurspeglar slíkt. Í ákveðnum tilvikum getur skólakerfið í Hafnarfirði sameinast um ákveðna samhæfingu í inntaki skólastarfsins í öllum skólum. En í flestum tilvikum er það hvers skóla að skilgreina eigin útfærslu á skólastarfinu, innan ramma aðalnámskrár, sem marki sérstöðu skólans og hans sérstöku aðstæður.

Skólanámskrá samanstendur af tíu bekkjarnámskrám í heildstæðum grunnskóla. Þetta plagg er ein bekkjarnámskrá og skiptist í inngang (saga skóla) og þrjú meginhluta auk viðauka. I. hluti kynnir menntastefnu skólans sem hefur að geyma þær helstu atriði sem skólinn leggur áherslu á í framkvæmd skólastarfsins II. hluti kynnir skipulag og sameiginlega þætti í starfsemi viðkomandi bekkis/árgangs. III. hluti er kynning á námssviðum og námsgreinum sem eru hluti náms og kennslu í viðkomandi bekk. Viðauki er loks með upplýsingar og viðmið um gerð skólanámskrárinnar og kynnir uppbyggingu hennar. Viðaukinn er sameiginlegur fyrir alla grunnskóla bæjarins.

Hlutverk skólanámskrár er að veita upplýsingar um áætlaða framkvæmd skólastarfs í grunnskólanum með áherslu á það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram í viðkomandi árgangi (þetta plagg sem ein bekkjarnámskrá). Hún er þannig leiðarvísir um skólastarfið og gefur til kynna að hverju er stefnt í skólastarfinu, þ.e. að hvaða hæfni er stefnt að nemandi nái á hverju námssviði, og fer fram í einstökum námsgreinum. Framkvæmdin sjálf, þ.e. hið daglega skólastarf, er þannig stöðug viðleitni til að ná ætlaðri stefnu þar sem ábyrgðin á framkvæmdinni er sameiginleg hjá skólayfirvöldum, starfsfólki skóla, foreldrum og nemendum með vissri verkaskiptingu og mismunandi ábyrgð í skólastarfinu. Til að framkvæmdin verði í samræmi við stefnuna þurfi allir aðilar að taka ábyrgð sína alvarlega.

Samhliða skólanámskrá er gefin út starfsáætlun skóla sem þarf að lesast samhliða skólanámskránni til að hún skiljist til fullnustu og fái fullt samhengi. Munur skólanámskrár og starfsáætlunar er ákvarðaður í aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta, (2011, bls. 64-65). Hafnarfjörður er með eigin áherslur um samspil skólanámskrár og starfsáætlunar.

Þessi formáli er sameiginlegur fyrir allar skólanámskrár, þ.e. námskrár allra bekkja, allra grunnskóla í Hafnarfirði sem starfræktir eru af bæjaryfirvöldum.



EFNISYFIRLIT

Formáli	Bls.
Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Saga Lækjarskóla og starfsemi frá upphafi	6
I. Menntastefna Lækjarskóla	7
II. Skólastarf 10. bekkjar	9
1. Samantekt kennslu í 10. bekk	20
2. Áherslur grunnþátta menntunar í 10. bekk	21
3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 10. bekk	23
4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf	24
5. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs	25
III. Námsvið og námsgreinar	26
Lykilhæfni	27
a. Hæfniviðmið lykilþáttanna fimm og matskvarðalýsingar fyrir A-D kvarða	27
1. Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	29
Viðmið um námshæfni í íslensku	x
A. Íslenska:	x
1.1. Talað mál, hlustun og áhorf	x
1.2. Lestur og bókmenntir	x
1.3. Ritun	x
1.4. Málfræði	x
B. Íslenska sem annað tungumál	x
C. Íslenska sem íslenskt táknmál	x
2. Erlend tungumál	42
Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum	x
2.1. Enska	x
2.2. Danska og önnur Norðurlandamál	x
3. List- og verkgreinar	46
Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum	x
A. Listgreinar:	x
3.1. Sviðslistir (dans og leiklist)	x
3.2. Sjónlistir (myndmennt)	x
3.3. Tónmennt	x
B. Verkgreinar:	x
3.4. Heimilisfræði	x
3.5. Hönnun og smíði	x
3.6. Textílmennt	x
4. Náttúrugreinar	63
Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum	x
4.0. Náttúrufræði	x
4.1. Eðlis- og efnavísindi	x
4.2. Jarð- og störfufræði	x
4.3. Lífvísindi	x
4.4. Umhverfismennt	x
5. Samfélagsgreinar	70
Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum	x



5.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði	x
5.2. Jafnrétti og lífsleikni	x
5.3. Landfræði, saga og sam-/þjóðfélagsfræði	x
6. Skólaípróttir	81
Viðmið um námshæfni í skólaípróttum	x
6.1. Ípróttir	x
6.2. Sund	x
7. Stærðfræði	88
Viðmið um námshæfni í stærðfræði	x
7.0. Stærðfræði	x
7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar	x
7.2. Tölur, reikningur og algebra	x
7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi	x
8. Upplýsinga- og tæknimennt	95
Viðmið um námshæfni í upplýsinga- og tæknimennt	x
8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði	x
8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	x
9. Val (raðað í stafrófsröð)	99
9.1. Valgrein 1	x
9.2. Valgrein 2 o.s.frv.	x
VIÐAUKI. Kynning og viðmið grunnskólastarfs í Hafnarfirði í skólanámskrá	103
A. Skólanámskrá og viðmið	104
B. Viðmiðunarstundaskrá og viðmið	106
C. Menntastefna skóla og viðmið	109
D. Gunnþættir menntunar og viðmið	110
E. Námssvið, námsgreinar og viðmið	112
F. Hæfni (námshæfni og lykilhæfni) og viðmið	115
G. Námsmat, matskvarðar og viðmið	117
Lokaorð	120

INNGANGUR

Skólanámskrá Lækjarskóla sem hér birtist er unnin á grundvelli Aðalnámskrár grunnskóla frá 2011. Námskráin lýsir starfi nemenda í skólanum, en tekur um leið til alls skólasamfélagsins. Þar eru sett fram þau markmið náms og kennslu sem lögð eru til grundvallar starfinu í skólanum. Kjarni skólanámskrárinnar birtist í sex grunnþáttum. Þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og að síðustu sköpun. Skólanámskráin er leiðarljós skólastarfsins, lifandi plagg sem verður í sífældri endurskoðun og getur tekið breytingum eftir því sem aðstæður leyfa.

Skólanámskráinni er skipt niður eftir árgöngum. Það gerir að verkum að auðveldara er að átta sig á uppbyggingu hennar og auðveldar notendum að nálgast hana.

Námskráin er að hluta sameiginleg með öllum árgöngum, en seinni hluti hennar fjallar um námsefni, kennslu og fleira. Í upphafi er fjallað um sögu skólans og starfsemi hans frá upphafi, sem og sérkenni. Fyrsti kafli fjallar um menntastefnu skólans, annar um námssvið og námsgreinar. Þar eru kynntar þær námsgreinar sem kenndar eru í hverjum árgangi ásamt markmiðum og leiðum í kennslunni, námsleiðum og námsmati.

Sérkenni skólans koma glögglega fram í námskránni og tíunduð þau verkefni sem hæst ber hverju sinni, svo sem SMT skólafærni, lestrarverkefni sem unnið er að í skólanum og fleira.



Saga skóla og starfsemi frá upphafi

Saga

Lækjarskóli, sem hét áður Barnaskóli Hafnarfjarðar og þar á undan Barnaskóli Garðahrepps, á sér samfellda sögu allt frá árinu 1877. Þá gáfu prófastshjónin á Görðum, Þórarinn Böðvarsson og Þórunn Jónsdóttir, stórfé til minningar um son sinn, Böðvar, til að koma á fót alþýðuskóla. Þetta var heimajörðin Hvaleyri með öllum húsum og jarðarnytjum ásamt skólahúsinu Flensborg með ofnum, borðum og bekkjum og öllu naglföstu; útihús úr timbri og tún girt. Í fyrstu skólaneftndinni sátu ásamt Þórarni prófasti, sem var formaður, Christian Ziemsen verslunarstjóri í Hafnarfirði og Grímur Thomsen.

Árið 1882 var stofnuð við skólann gagnfræðadeild, eða „real skóli“ eins og hann var kallaður, og er það talið upphaf núverandi Flensborgarskóla.

Árið 1902 var reistur barnaskóli við Suðurgötu sem var stækkaður 1921. Það sama ár var einnig reist íþróttahús þar skammt frá. Skólahúsið við Suðurgötu varð fljótlega of lítið svo skólaneftnd ákvað árið 1926 að reisa nýtt skólahús. Hið nýja barnaskólahús við Skólabraut var vígt 2. október 1927. Íþróttahúsið var flutt að Skólabraut árið 1934 og þjónaði skólanum fram til ársins 2005. Íþróttahúsið var stækkað 1959 þegar bætt var við búnings- og baðklefum og tveimur kennslustofum. Árið 1945-46 var byggt við hvorn enda skólans og síðast 1978-80 við bakhlið hans.

Haustið 1961 tók Öldutúnsskóli til starfa í Hafnarfirði. Þá var Barnaskóli Hafnarfjarðar nefndur Lækjarskóli.

Nýtt skólahús hefur verið byggt fyrir Lækjarskóla að Sólvangsvegi 4 og var fyrri áfangi tekinn í notkun 22. ágúst 2002 og seinni áfangi haustið eftir. Íþróttahús og sundlaug voru tekin í notkun haustið 2005. Skólinn hefur verið einsetinn frá upphafi skólaárs 2002. Þannig hefur skólinn starfað á nokkrum stöðum og borið þrjú nöfn frá stofnun hans.

Sérstaða

Lækjarskóli er í dag heilstæður grunnskóli með tæplega 500 nemendur. Skólinn er annar af tveimur skólum Hafnarfjarðar sem er í forystu við innleiðingu jákvæðrar skólafærni, SMT. Hornsteinar skólans eru ábyrgð, virðing og öryggi. Við Lækjarskóla er lögð áhersla á þroska hvers og eins. Skólinn er virkur í atferlismótun barna með einhverfu.

Við skólann eru reknar þrjár sérdeildir fyrir Hafnarfjörð; deild fyrir nemendur með þroskaraskanir, móttökudeild fyrir erlenda nemendur og fjölgreinanám fyrir nemendur 9. og 10. bekkjar.



Rekstur sérdeilda hefur farið vaxandi.

- 1999 var farið að vinna með atferlismótun fyrir nemendur með einhverfu innan skólans. Til þessa verkefnis voru ráðnir þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar sem leyst hafa verkefnið svo vel af hendi að til fyrirmyndar er fyrir aðrar stofnanir landsins.
- 2001 hóf fjölfatlaður nemandi nám við skólann. Hann stundaði nám sitt með aðstoð þroskaþjálfara og stuðningsfulltrúa.
- 2002 var stofnuð móttökudeild fyrir erlenda nemendur við Lækjarskóla sem hefur vaxið ört.
- 2002 var ráðinn deildarstjóri við móttökudeildina.
- 2003 var sérdeild Engidalsskóla flutt í Lækjarskóla.
- 2004 var ráðinn deildarstjóri við sérdeildina enda fjölgun nemenda mikil og sterkur faglegur grunnur lagður að starfinu.
- 2005 tók Lækjarskóli við rekstri fjölgreinanáms. Deildarstjóri var þegar starfandi við deildina.
- 2005 og 2006 var fjölgreinanámið stækkað úr einni deild í þrjár.
- 2006 var gerður samningur milli Hafnarfjarðarbæjar og Menntamálaráðuneytisins um stofnun fjölgreinabrautar á framhaldskólastigi.
- 2006 var farið af stað með svokallað fjöltækninám fyrir þá unglinga sem erfiðast áttu með aðlögun í almennu skólakerfi í Hafnarfirði.
- 2006 var ráðinn verkefnastjóri fyrir fjölnámið.
- 2007 var framkvæmd fyrri ákvörðun um að sérdeildin skuli vaxa með aldri skjólstæðinganna úr yngsta- og miðstigi upp í unglingsstigi, þ.e.a.s. verða heilstætt skólaúrræði.
- 2008 flutti fjöltæknideildin í húsnæði Gamla bókasafnsins. Deildarstjóri móttökudeildar varð jafnframt verkefnastjóri Hafnarfjarðarbæjar við móttöku erlendra nemenda. Ráðinn var verkefnastjóri við móttökudeildina. Nemendur sérdeildar fyrir þroskaröskun voru skráðir í almenna bekk og þátttaka þeirra í bekkjarstarfi aukin.
- 2009 var fjöltækninám sameinað fjölgreinanámi og úr varð svokölluð fjölgreinadeild. Frá og með hausti 2009 voru því fjölgreinadeild og fjölgreinabraut reknar í húsi Menntasetursins við Lækinn.
- 2012 færðist fjölgreinabrautin undir forsjá framhaldsskólans og er nú alfarið á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Iðnskólinn í Hafnarfirði hýsir brautina og sér um hana að öðru leyti.

I. Menntastefna skólans

Menntastefna skóla er grunnstefna skóla og felur í sér á allar stefnuáherslur skólans í einni stefnu og skal birtast í skólanámskrá (aðalnámskrá 2011, bls. 64). Menntastefna skólans er sett fram á grundvelli sjónarmiða á aðalnámskrá grunnskóla þar sem kjarni hennar skulu vera sex grunnþættir menntunar (heilbrigði og velferð, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, læsi, sjálfbærni og sköpun). Meginatriði í menntastefnu skóla eru megináherslur skólastarfsins sem skilgreina má í gegnum margvíslega stefnuþætti um „stefnu skólans, gildi, uppeldis- og kennslufræðilega stefnu og kennsluhætti“ (aðalnámskrá grunnskóla 2011, bls. 66).

Menntastefna skóla er þannig aðgreind frá (1) menntastefnu ríkisins en aðalnámskrá grunnskóla er þá birtingarmynd hennar á hverjum tíma og (2) menntastefnu sveitarfélagsins sem er skólastefna bæjarins.



Menntastefna skólans

Menntastefna skólans birtist í nokkrum hlutum eða þáttum sem lýsir því hvernig skóli markar sér sérstöðu í því að taka ábyrgð á sínu samfélagslega verkefni að mennta nemendur í öruggu umhverfi. Kveðið er á um að hver skóli skilgreini eigin menntastefnu í aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 62) og menntastefna skólans er nánari útfærsla á aðalnámskrá.

Menntastefna skóla birtist í nokkrum hlutum sem hér eru greind er eftirfarandi þætti:

1. Gildi, leiðarljós, uppeldis- og kennslufræðileg sýn til kennsluhátta skólans.
2. Stefna og stefnuþættir skólastarfsins:
 - a. Grunnþættir menntunar og forvarnir.
 - b. Símenntun, þróunarstarf og innra mat skóla
 - c. Foreldrasamstarf, upplýsingamiðlun og mótun skólasamfélags.
 - d. Samstarf og tengsl skólastiga og við nærumhverfið.
 - e. Aðrar áherslur skóla.

I. Gildi, leiðarljós, uppeldis- og kennslufræðileg sýn til kennsluhátta skólans.

Í Lækjarskóla stefna kennarar, þroskaþjálfar og aðrir starfsmenn að því sameiginlega markmiði að Lækjarskóli sé í hópi bestu skóla innan lands og utan. Þetta markmið felur í sér að öllum skuli gert jafnhátt undir höfði og vegna fjölbreytileika nemenda er margvíslegum aðferðum beitt sem byggja á víðtækri þekkingu starfsfólks.

Nemendur Lækjarskóla eru námsfúsir, dugmiklir og iðnir, starfsmenn eru metnaðarfullir og samhentir. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf við foreldra og nemendur. Í Lækjarskóla ríkir góður starfsandi og starfsmannastefna byggir á öflugri mannauðsstjórnun.

Hornsteinar starfsins skulu vera: Ábyrgð, Virðing og Öryggi sem jafnframt eru undirstaða jákvæðrar atferlismótunar (SMT, school management training) skólans.

Markmið:

Að Lækjarskóli leggi grunn að góðum þroska, framhaldsmenntun, starfi og símenntun nemenda allt þeirra líf.

Að allir nemendur njóti alhliða menntunar við hæfi hvers og eins, þroska og áhugasviðs.

Að lagður sé metnaður í fagleg vinnubrögð.

Að skólinn sé lifandi, sveigjanlegur og í góðum samskiptum við grenndarsamfélag og umhverfi.

Að allir nemendur njóti félagslífs og hafi tækifæri til að auka félagsþroska sinn í samstarfi Lækjarskóla og félagsmiðstöðvarinnar Vitans.

Að skólinn sé, eftir því sem við verður komið, í tengslum við náttúru, atvinnulíf og menningu þjóðarinnar.

Að vinnudagur nemenda skiptist með ákveðnum hætti í bóklegt nám, verk- og listnám, íþróttir, félags- og tómstundanám.



2. Stefna Skóla

Í Lækjarskóla stefna kennarar, þroskaþjálfar og aðrir starfsmenn að því sameiginlega markmiði að Lækjarskóli sé í hópi bestu skóla innan lands og utan. Þetta markmið felur í sér að öllum skuli gert jafnhátt undir höfði og vegna fjölbreytileika nemenda er margvíslegum aðferðum beitt sem byggja á víðtækri þekkingu starfsfólks.

Nemendur Lækjarskóla eru námsfúsir, dugmiklir og iðnir, starfsmenn eru metnaðarfullir og samhentir. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf við foreldra og nemendur. Í Lækjarskóla ríkir góður starfsandi og starfsmannastefna byggir á öflugri mannauðsstjórnun.

Áhersluatriði Lækjarskóla 2016-2017 eru:










1. Áfram unnið að mótun stefnu fyrir skólann á grunni nýrrar aðalnámskrár.
2. Unnið að innleiðingu nýrrar skólanámskrár í samræmi við nýja aðalnámskrá.
3. Árangursstjórnun, virkjun allra starfsmanna.
4. Sjálfsmat, umbætur og eftirfylgni.
5. SMT, áframhaldandi eftirfylgni.
6. Unnið áfram með samvinnunám. (fjölmeningalegur kennsluhátta, Clim).
7. Lestrarskimun, t.d. Leið til læsis, Logos og GRPI 4 og eftirfylgni
8. Skimun á þörf fyrir sérkennslu frá yngstu stigum til eldri stiga.
9. Snemmtæk íhlutun í stuðningi við nemendur.

Sérstök áhersla verður lögð á líðan nemenda og starfsánægju starfsmanna sem endurspeglast í bættum árangri.

Hér hefur verið tæpt á helstu markmiðum og verkefnum Lækjarskóla á komandi ári. Fjöldi verkefna eru þó ótalin á sviði kennslu, mannauðsmála og verklags til að tryggja jafnræði í þjónustu og gagnsæi skólakerfisins.

Skólareglur Lækjarsskóla



Abyrgð	Fylgjum fyrirmælum alls starfsfólks – Göngum frá eftir okkur – Gerum okkar besta – Verum stundvís		
Virðing	Verum kurteis – Verum tillitssöm – Virðum eigin annarra – Virðum rétt annarra		
Öryggi	Gætum handa okkar og fóta – Göngum hægra megin		
Svæði	Abyrgð	Virðing	Öryggi
 Kennslurými	<p>Hengdu upp útiföt</p> <p>Vertu tilbúinn með námsgögn</p> <p>Komdu þér beint að verki</p> <p>Leiddu hjá þér óæskilega hegðun</p> <p>Settu rusl í ruslafötuna</p> <p>Tónlist í töskuna</p> <p>Síminn í töskuna</p>	<p>Skildu tyggjó, sælgæti og gos eftir heima</p> <p>Taktu ofan</p> <p>Réttu upp hönd ef þú vilt segja eitthvað</p> <p>Talaðu í viðeigandi tónhæð</p> <p>Vertu góður hlustandi</p> <p>Virtu vinnusvæði annarra</p> <p>Slökktu á símanum</p>	<p>Vertu á réttum stað</p> <p>Notaðu námsgögn, húsgögn og áhöld á viðeigandi hátt</p> <p>Gættu þín á heita vatninu</p>
 Anddyri og gangar	<p>Settu skóna á réttan stað</p> <p>Settu töskuna á réttan stað</p> <p>Settu rusl í ruslafötu</p> <p>Gakktu vel um munaskápa</p>	<p>Skildu tyggjó, sælgæti og gos eftir heima</p> <p>Haltu hurð fyrir næsta mann</p> <p>Talaðu í viðeigandi tónhæð</p>	<p>Gakktu hægra megin</p> <p>Opnaðu dyr gætilega</p>
 Matsalur	<p>Leiddu hjá þér óæskilega hegðun</p> <p>Gakktu varlega með matinn</p> <p>Sittu við borð á meðan þú borðar</p> <p>Settu rusl í ruslafötu</p> <p>Skilaðu borðinu hreinu</p>	<p>Skildu tyggjó, sælgæti og gos eftir heima</p> <p>Taktu ofan</p> <p>Vertu rólegur í röð</p> <p>Leyfðu hverjum sem er að sitja hjá þér</p> <p>Talaðu hljóðlega við sessunauta</p>	<p>Notaðu borðbúnað á viðeigandi hátt</p>
 Skólalóð	<p>Hjálpum hvert öðru</p> <p>Leitaðu aðstoðar starfsmanna ef þarf</p> <p>Skilaðu því sem þú færð lánað</p> <p>Leiddu hjá þér óæskilega hegðun</p>	<p>Skildu tyggjó, sælgæti og gos eftir heima</p> <p>Allir mega vera með í leik</p> <p>Virtu leikreglur</p> <p>Virtu leiki annarra</p> <p>Virtu vallartöflu</p>	<p>Geymdu hjól læst við hjólagrind</p> <p>Vertu á skólalóðinni</p> <p>Fylgstu vel með umhverfinu</p> <p>Notaðu leiktæki á viðeigandi hátt</p>
 Íþróttir og sund	<p>Leiddu hjá þér óæskilega hegðun</p> <p>Fylgdu reglum hússins</p> <p>Nýttu tímann vel, komdu þér beint að verki</p>	<p>Skildu tyggjó, sælgæti og gos eftir heima</p> <p>Sýndu sannan íþróttanda, vertu góður liðsmaður</p>	<p>Fylgstu með því sem gerist í kríngum þíg</p> <p>Gættu þín á hálum sundlaugarbökkum</p> <p>Notaðu áhöld á viðeigandi hátt</p>
 Búningsherbergi og sturtur	<p>Fylgdu reglum hússins</p> <p>Hjálpum hvert öðru</p> <p>Leitaðu aðstoðar starfsmanna ef með þarf</p> <p>Mundu eftir dótínu þínu</p> <p>Geymdu símann/myndavélina hjá starfsfólki</p>	<p>Skildu tyggjó, sælgæti og gos eftir heima</p> <p>Sýndu sérstaka tillitsemi</p> <p>Virtu fjölbreytileika annarra</p> <p>Talaðu í viðeigandi tónhæð</p>	<p>Gættu þín á hálu gólfu</p>
 Skólaferðir/skólabíll	<p>Vertu í röð</p> <p>Passaðu eigin þínar</p>	<p>Skildu tyggjó, sælgæti og gos eftir heima</p> <p>Leyfðu hverjum sem er að sitja hjá þér</p> <p>Talaðu í viðeigandi tónhæð</p>	<p>Vertu kyrr í röðinni þar til billinn stöðvast</p> <p>Spennu beltið</p> <p>Sittu kyrr alla leiðina</p>
 Sérstakir viðburðir/ vettvangsferðir	<p>Virtu reglur sem gilda á hverjum stað</p> <p>Sittu kyrr, snúðu fram og fylgstu með</p> <p>Passaðu eigin þínar</p>	<p>Taktu ofan</p> <p>Vertu góður hlustandi</p> <p>Klappaðu þegar við á</p> <p>Slökktu á símanum</p> <p>Vertu virkur – taktu þátt</p> <p>Sýndu umhverfinu virðingu</p> <p>Réttu upp hönd ef þú vilt segja eitthvað</p>	<p>Vertu með þínum belk eða hóp</p>
 Salerni	<p>Settu þurrkur í ruslafötu</p>	<p>Skildu tyggjó, sælgæti og gos eftir heima</p> <p>Lokaðu dyrum</p> <p>Gefðu öðrum næði</p>	<p>Þvoðu hendur með sápu</p> <p>Gættu þín á heita vatninu</p>

Stefna skóla og markmið skólastarfsins varðandi afmarkaða þætti í stefnu skóla:

a. Grunnþættir menntunar

Tilgangur: „*Áð undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfellu í öllu skólastarfi.*“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 14).

Frekari áherslur um grunnþætti menntunar í stefnu skólans varðandi áherslur við einstaka grunnþætti menntunar eins og þeir eru skilgreindir í aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 13-24) birtast hér á eftir. Þar samhæfir skólinn fræðslu um forvarnir og ferla sem henni tengist við grunnþætti menntunar, í samræmi við starfsviðmið fræðsluþjónustunnar um forvarnir og gefið er út í sérstöku plaggi sem er til leiðbeiningar fyrir hvern grunnþátt.

HEILBRIGÐI OG VELFERÐ

Meginmarkmið menntunar um heilbrigði og velferð er að stuðla að heilsuefingu og velfarnaði nemenda, einkum andlegri, líkamlegri, tilfinningalegri og félagslegri vellíðan þeirra. Stuðla skal að jákvæðum skólabrag og heilsuefandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði nemenda á sem viðtækastan hátt. Lögð er áhersla á að nemendur fái markvisst hreyfiuppeldi og fræðslu sem stuðlar að heilsusamlegu fæðuvali. Áhersla er einnig lögð á að nemendur fái hollan og fjölbreyttan mat og nægan tíma til að nærast. Enn fremur að nemendur fái fræðslu og stuðning sem stuðli að því að þeir geti tekið upplýstar og ábyrgar ákvarðanir í tengslum við eigið heilbrigði.

JAFNRÉTTI

Meginmarkmið jafnréttismenntunar er að veita öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sín og lifa ábyrgu og skapandi lífi í frjálsu og víðsýnu samfélagi í anda skilnings, umburðarlyndis og jafnræðis. Stuðla skal að því að allir taki virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Lækjarskóli er skóli margbreytileikans og er lögð áhersla á að hver og einn nemandi fái að njóta sín miðað við eigin þroska, sérstöðu, þarfir, áhuga og styrkleika. Efla skal skilning nemenda á stöðu kynjanna í nútíma samfélagi og búa nemendur jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, hvort heldur sem er í einkalífi, fjölskyldulífi eða atvinnulífi. Í öllu skólastarfi skal leggja áhersla á umburðarlyndi og víðsýni gagnvart fjölbreytileika mannlífsins s.s. ólíkri menningu, þjóðerni, trúarbrögðum, lífsskoðunum, kynhneigð og fötlun.

LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI

Meginmarkmið lýðræðis- og mannréttindamenntunar er að undirbúa nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi. Stuðla skal að því að efla gagnrýna hugsun og ígrundun um gildi þess að vera virkur þátttakandi í lýðræðissamfélagi. Áhersla er lögð á að hversdagslegir starfshættir í skólanum séu byggðir á lýðræði og virðingu fyrir manngildi hvers og eins. Nemendur þekki grundvallarréttindi barna og fullorðinna með hliðsjón af íslenskri löggjöf og alþjóðasamningum. Enn fremur er lögð áhersla á virkt samstarf bæði innan skólasamfélagsins og við grenndarsamfélagið, þar á meðal æskulýðs- og íþróttafélög.



LÆSI

Meginmarkmið læsis er að nemendur verði virkir þátttakendur í samfélaginu með því að túlka og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra margvíslegu miðla sem völ er á. Stuðla skal að því að nemendur nái góðu valdi á lestri og ritun texta. Nemendur skilji myndmál og geti nýtt sér það við almenna upplýsingaöflun. Nemendur séu talnalæsir og geti lesið úr töflum og tölum við ýmsar aðstæður. Áhersla skal lögð á að nemendur verði samskiptalæsir og geti unnið í hópum, komið skoðunum sínum á framfæri og hlustað á skoðanir annarra. Nemendur séu upplýsingalæsir og geti aflað sér upplýsinga á margvíslegum hátt, vegið þær og metið með gagnrýnum hætti. Þar sem umhverfi okkar mótast æ meir af vísindum og tækni þarf að efla vísindalæsi meðal nemenda þannig að þeir geti tekið þátt í rökræðum um vísindaleg málefni. Enn fremur skal leggja áherslu á tilfinningalæsi nemenda, að nemendur geti lesið í aðstæður og geti sett sig í spor annarra.

SJÁLFBÆRNI

Meginmarkmið sjálfbærnimenntunar er að gera nemendur ábyrga um að skapa samábyrgt samfélag og takast á við viðfangsefni sem lú ta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags. Stuðla skal að aukinni umhverfisvitund með því að efla þekkingu og skilning á samspili náttúru, umhverfis og mannlífs. Nemendur geri sér grein fyrir eigin áhrifum á náttúruna og temji sér lífsvenjur sem stuðli að heilbrigði jarðar og jarðarbúa.

SKÖPUN

Meginmarkmið sköpunar í skólastarfi er að örva ímyndunarafl nemenda til að gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en þeir hafa áður gert og miðla til annarra. Stuðla skal að sköpun í öllu starfi og öllum námsgreinum sem byggir á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika. Nemendur skulu fá tækifæri til að vera skapandi og njóta sköpunarhæfni sinnar sem víðast í skólastarfinu þar sem áhersla er lögð á sköpunarferlið sjálft ekki síður en afrakstur sköpunarinnar. Áhersla er enn fremur lögð á að sköpun sem byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit sé einkennandi fyrir vinnubrögð á flestum sviðum skólastarfsins.

b. Símenntun, þróunarstarf og innra mat skóla

Tilgangur: Að stuðla að skólaþróun og færa skólanum aðferðir og tæki til að meta árangur og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti (sbr. aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 59).

Símenntun starfsmanna skólans, þróunarstarf og innra mat færa skólanum í hendur tæki til að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins. (sjá aðalnámskrá grunnskóla 2011 bls. 60).

Skólinn aflar sér upplýsinga með starfsmannasamtölum, gerð símenntunaráætlunar, með aðkomu starfsmanna og innra mati (Skólapúlsinn), og markar sér stefnu á þeim grunni til áframhaldandi skólaþróunar. Með þessari upplýsingaöflun er árangur metinn og leitast við að gera góðan skóla enn betri og styðja við framfarir og þróun skólastarfsins. Á grundvelli þessa mats eru eftirfarandi stefnuþættir skilgreindir:

- ✓ Starfsmannasamtöl einu sinni á ári þar sem rætt er m.a. um símenntun og starfsþróun starfsmannsins í tengslum við starf skólans.
- ✓ Símenntunaráætlun gerð á grunni forms sem Skólaskrifstofan leggur til.
- ✓ Á grunni þeirra upplýsinga sem liggja fyrir sem og í innra mati er gerð umbótaáætlun, þar sem lögð er megináhersla á afmörkuð og vel skilgreind viðfangsefni.



Stór liður í upplýsingaöflun er verkfærið **Skólapúlsinn**, sem er vefrænt upplýsingakerfi sem skólinn nýtir auk þess sem að framan er talið.

c. Foreldrasamstarf, upplýsingamiðlun og mótun skólasamfélags

Tilgangur: Að skólasamfélag (starfsfólk, nemendur, foreldrar) hvers skóla vinni vel saman að mótun skólustarfsins og þeirra umgengishátta sem eiga að einkenna samskipti innan skólans og utan (sbr. aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 69).

Upplýsingastreymi til foreldra

Mentor er skráningar- og samskiptaforrit nemenda, kennara og foreldra/forráðamanna. Í forritið skrá kennarar skólasókn, ástundun, vinnusemi, framkomu og hegðun ásamt einkunnum og umsögnum.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru að lágmarki tvisvar á skólaári, að hausti og í upphafi árs. Í viðtölum gerir umsjónarkennari foreldrum grein fyrir námslegri stöðu nemandans og fer yfir skólasókn, vinnubrögð og hegðun.

Flestir kennarar skólans hafa fastan viðtalstíma í hverri viku, aðrir eftir samkomulagi. Þá geta foreldrar leitað upplýsinga og komið með ábendingar og rætt málin. Foreldrar eru hvattir til að nýta sér þennan viðtalstíma.

Bekkjarsamstarf með foreldrum

Það styrkir samstarf heimila og skóla að hafa bekkjarskemmtanir eða sambærilegar samverustundir nemenda, foreldra/forráðamanna og bekkjarkennara. Æskilegt er að bekkir í árgangi hafi samvinnu um félagsstarfsemi sem þessa.

Hugmyndir að sameiginlegu starfi eru einnig ferðir í leikhús, á söfn, á skauta, í keilu, á skíði og fleira sem bekkjarfulltrúar skipuleggja.

Einnig geta bekkjarfulltrúar skipulagt hópastarf/vinahópa í samráði við bekkjarkennara. Þá er bekknum skipt í nokkra hópa sem gera eitthvað skemmtilegt utan skólatíma. Þetta hefur gefið góða raun og eflir félagsandann.

Foreldrafélag

Foreldrafélag eru frjálst starfsemi sem setur sér eigin reglur og markmið.

Markmið foreldrafélags Lækjarskóla er að vinna að velferð nemenda skólans, auka samvinnu heimila og skóla og stuðla að almennum framförum í skólustarfi. Félagið vinnur að því að efla kynni foreldra innbyrðis, styrkja menningar- og félagslíf innan

skólans, koma á umræðu og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál í samvinnu við skólann og koma fram með óskir og tillögur um breytingar.



Tveir tengiliðir eru valdir úr hverjum bekk á almennum foreldrafundi að hausti. Kosin er stjórn og stjórnin velur síðan tvo aðila í skólaráð.

d. Samstarf og tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið

Tilgangur: Að stuðla að sem bestu samstarfi í því að svigrúm, sveigjanleiki og samfella sé í námi á milli skólastiga og í upplýsingamiðlun á skilum skólastiga (sbr. aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 72).

Markmið samstarfs og tengsla milli skólastiga eru að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu náms. Jafnframt er markmiðið að treysta gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara og námi nemenda og stuðla að vellíðan og öryggi barna þegar þau flytjast milli skólastiga.

Skólinn markar sér stefnu varðandi samstarf og tengsl skólastiga, þ.e. leik- og framhaldsskóla og við nærumhverfið.

- ✓ Samstarf við önnur skólastig

Nemendur í 1. – 4. bekk koma saman á sal annan hvern föstudag og byrja skóladaginn á að syngja nokkur lög saman undir stjórn tónmenntakennara. Þeir syngja allskonar lög saman t.d. dægurlög, þjóðlög og lög frá mörgum löndum. Er afar skemmtilegt.

Fjölgreindaleikar Lækjarskóla eru einn mikilvægasti viðburður skólaársins. Markmiðið með leikunum er að vinna að góðum skólabrag með því að nemendur á ólíkum aldri vinna saman að lausn verkefna sem reyna á allar greindir mannskepnunnar. Leikarnir eru jafnframt keppni milli hópa í samvinnu og félagsanda. Þar reynir ekki síst á leiðtoga hvers hóps, en það eru nemendur úr elstu bekkjum skólans. Þá daga sem leikarnir standa yfir ríkir einstök gleði í skólanum.

Markmið samstarfs og tengsla milli skólastiga eru að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu náms. Jafnframt er markmiðið að treysta gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara og námi nemenda og stuðla að vellíðan og öryggi barna þegar þau flytjast milli skólastiga.

- ✓ Samstarf við önnur skólastig miðast við viðmið sem skólayfirvöld í Hafnarfirði skilgreina á hverjum tíma.

- ✓ Útikennsla í nærumhverfi

Á vorin er útikennsla aðalega kennd. Þá hefur umhverfið kringum skólann verið skoðað. Markmið með henni er að efla umhverfisvitund nemenda og kynna þeim þá fegurð sem umhverfið býr yfir. Nemendum er kennt að þekkja fyrirbæri í umhverfinu og upplifi og skynji umhverfi sitt á eðlilegan hátt.

Útikennsla felst í því að kennslustundir eru færðar út í nánasta umhverfi skólans og þar eru verkefni lögð fyrir. Með útikennslu fá börnin aukna hreyfingu, meira þol og betri hreyfifærni, einbeitingin eyskt og félagsleg færni verður betri. Aukinn skilningur á náttúru, vísindum og umhverfi þar sem verkefnin þarf að leyst við raunverulegar aðstæður.

- ✓ Samstarf milli skólastiga, þ.e. leikskóla í hverfinu og framhaldsskóla í bænum.

Samstarf við leikskóla



Samstarf hefur verið við leikskólana í hverfinu. Þetta verkefni hefur það að markmiði að mynda brú á milli skólastiga til að gera börnunum flutninginn á milli leik- og grunnskóla léttbærari. Leikskólabörnin í elsta hópi koma í nokkrar heimsóknir í Lækjarskóla yfir veturinn. Þau skoða skólann, hitta stjórnendur, hitta 1. bekki skólans og heimsækja bókasafnið. Nemendur 1. bekkja í Lækjarskóla fara einnig í heimsóknir í leikskólana í hverfinu. Þetta samstarf á milli skólastiga hefur verið afar ánægjulegt og skilað góðum árangri að mati okkar.



Samstarf við framhaldsskóla

Nemendur í 9.-10. bekk er heimilt að stunda nám í einstökum **námsgreinum á framhaldsskólastigi í Flensborg og Verk og listgreinaval Iðskólans í Hafnarfirði einnig hefur samstarf verið við Gaflaraleikhúsið. Hefur þetta samstarf gengið afar vel.**

✓ Samstarf við Sólvang.

Kórinn tekur þátt í „Syngjandi jólum“ í Hafnarborg, syngur á Sólvangi í desember, á Barnakóramóti Hafnarfjarðar í mars eða apríl. Kórinn syngur einnig við jólaskemmtanir og skólaslit í skólanum og fer í æfingabúðir að haustin og á vorönn.

e. Aðrar áherslur

Tilgangur: *að bjóða nemendum upp á að læra á hljóðfæri í skólanum*

Skólinn setur fram eftirfarandi stefnu varðandi áherslur í menntastefnu skólans skal vera ríkjandi í öllu skólastarfinu eftir því sem sérstaða hans gefur tilefni til:

Einstakir stefnuþættir:

- i. *Að gefa nemendum kost á því að taka þátt í kórastarfi innan skólans*
- ii. *Að gefa nemendum kost á að læra á hljóðfæri í skólanum*
- iii. *Að koma fram við hin ýmsu tilefni*



II. Skólastarf I 0. bekkjar

Hlutverk þessa kafla er að kynna fyrir skólasamfélaginu megináherslur í starfsemi bekkjar svo það sé upplýst um framkvæmd skólastarfs í bekknum/árganginum. Það er m.a. gert til að foreldrar geti verið virkir þátttakendur í námi barna sinna á grundvelli uppeldisréttar síns. Um leið kynna kennarar fagmennsku skólastarfsins til að sýna fram á faglegt inntak og samhengi milli bekkja/árganga um þau gæði sem stefnt er að í skólastarfinu.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:

1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í árganginum
4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árganginum
5. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs



II.1. Samantekt kennslu í 10. bekk

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

Námssvið	Námsgreinar	Tímafjöldi í skóla á viku
1. Íslenska	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	1 2 1 2
2. Erlend tungumál	2.1. Enska 2.2. Danska og önnur Norðurlandamál	4 4
3. List- og verkgreinar	<i>A Listgreinar:</i> 3.1. Sviðslistir (dans og leiklist) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt <i>B Verkgreinar:</i> 3.4. Heimilisfræði 3.5. Hönnun og smíði 3.6. Textílmennt	x x x x x x x
4. Náttúrugreinar	4.1. Eðlis- og efnavísindi 4.2. Jarð- og störnufræði 4.3. Lífvísindi 4.4. Umhverfismennt	1 0,5 1 0,5
5. Skólaíþróttir	5.1. Íþróttir 5.2. Sund	2 1
6. Samfélagsgreinar	6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði 6.2. Jafnrétti og lífsleikni 6.3. Landfræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	1 1 1
7. Stærðfræði	7.0 Stærðfræði 7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar 7.2. Tölur, reikningur og algebra 7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi	6 x x
8. Upplýsinga- og tæknimennt	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	x
9. Val	9. Valgreinar	x
Alls		37



II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 10. bekk

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnþátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.

Áherslur grunnþátta menntunar í árgangi eru sett fram í markmiðum

Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:	<p>Það er unnið með <i>heilbrigði og velferð</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • x • x • x o.s.frv.
JAFNRÉTTI:	<p>Það er unnið með <i>jafnrétti</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • x • x • x o.s.frv.
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:	<p>Það er unnið með <i>lýðræði og mannréttindi</i> í árganginum þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • x • x • x o.s.frv.



Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði
<i>LÆSI:</i>	Það er unnið með <i>læsi</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: <ul style="list-style-type: none"> • x • x • x o.s.frv.
<i>SJÁLFBÆRNI:</i>	Það er unnið með <i>sjálfbærni</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: <ul style="list-style-type: none"> • x • x • x o.s.frv.
<i>SKÖPUN:</i>	Það er unnið með <i>sköpun</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: <ul style="list-style-type: none"> • x • x • x o.s.frv.

II.3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 10. bekk

i. Kennsluaðstæður

Námsgreinar eru kenndar í stofum viðkomandi kennara. Fyrirlestrasalur er notaður þegar árgangurinn er saman eða þegar gestafyrirlesari kemur. Nemendur vinna einstaklingsvinnu, þaravinnu og hópvinnu.

ii. Kennsluáætlanir

Kennsluáætlanir er að finna á heimasíðu skólans www.lækjarskoli.is. Skólaárinu er skipt í tvær annir sem skiptast í lok janúar. Símat fer fram allt skólaárið.

iii. Náms- og kennslugögn

Námsbækur og almenn kennslugögn skóla:	<ul style="list-style-type: none"> • Allar nauðsynlegar náms- og kennslubækur (sjá viðkomandi námsgreinar). • Aðgangur að tölvum og hugbúnaði í skóla eftir þörfum. •
Ritföng nemenda og persónuleg hjálpargögn sem nemendur þurfa að hafa/eiga á hverjum tíma:	<ul style="list-style-type: none"> • Innkaupalistar á heimasíðu skólans www.lækjarskoli.is



II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.

Mikið er lagt upp úr góðu foreldrasamstarfi og er gott samstarf við heimilinn lykillinn að farsælu námi og velferð barnanna. Sú samvinna er mikilvægur hluti af starfi kennara. Fundir eru á haustinn þar sem kynnt er fyrir foreldrum hvernig skólastarfið verður byggt upp. Á þessum haustfundum er líka markviss fræðsla í ákveðnum árgöngum sem skipulögð er í samvinnu við foreldrafélag skólans. Tvisvar á ári boða umsjónakennarar foreldra sinna umsjónanemenda í einstaklingsviðtöl ásamt börnum þeirra þar sem farið er yfir námið og líðan barnanna í skólanum. Á þessum dögum eru aðrir kennarar eins og faggreinakennarar jafnframt til viðtals. Mikilvægt er að skólinn veiti upplýsingar um líðan og gengi nemenda en jafnframt að foreldrar geri slíkt hið sama. Kennarar hafa ákveðinn viðtalstíma í töflu, setja upplýsingar á mentor og hafa samband í síma eða með netpósti þegar þess þarf. Heimavinnuáætlanir koma inn á mentor og eru sendir póstar til foreldra þegar eitthvað sérstakt er að gerast í skólanum. Nemendaráðsfulltrúar eru í hverjum bekk sem sjá um að halda utan um félagslífið í skólanum og veita upplýsingar um viðburði í sínum bekk.

Í sumum tilvikum eru teymi um ákveðna nemendur til að styðja enn frekar við þá. Innan skólans starfar skólaráð undir stjórn skólastjóra sem og foreldrafélag. Hlutverk þess er að styðja við skólastarfið, efla tengsl heimila og skóla og stuðla þannig enn frekar að velferð nemenda. Nánar um foreldrasamstarf og upplýsingagjöf er að finna í A hluta skólanámskrár – starfsáætlun

II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi (í vinnslu 2016)

Námsmat í bekknum greinist í þrennt, leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum). Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

a. **Leiðsagnarmat.**

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Í því felst að kennarar nota ýmsar leiðir til að styðja við og leiðbeina nemendum að ná árangri.

b. **Stöðumat.**

Stöðumat fer fram tvisvar sinnum á skólaárinu með viðtali nemanda og foreldra með umsjónarkennara. Tilgangur stöðumatsins er að veita mat á stöðu nemenda til þeirra sjálfra og aðstandenda þeirra, til að hjálpa þeim til að ná frekari árangri í náminu.

b. **Lokamat:**

Lokamat fer fram í lok skólaárs þar sem nemandi fær mat á náminu sínu yfir skólaárið. Meginmarkmið þess er að veita nemanda yfirsýn yfir stöðu sína eftir nám vetrarins og gefa honum einkunn eða umsögn fyrir frammistöðu sína.



II. Námssvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámsskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólastarfsins í átta skilgreind námssvið og eitt opið (val) en hverju námssviði heyra mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í aðalnámsskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námssviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólastarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá sumir nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námsskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámsskrá. Hún er utan þessa plaggis og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.



Lykilhæfni

